



# Jöklarannsóknafélag Íslands

## Fréttabréf

Nr. 60

Febrúar 1997

### AÐALFUNDUR

Aðalfundur Jöklarannsóknafélags Íslands verður haldinn 25. febrúar 1997 kl. 20:30 í sýningarsal Ferðafélags Íslands, Mörkinni 6.

#### Dagskrá:

1. Venjuleg aðalfundarstörf.
2. Kaffi.
3. Jöklar í ýmsum myndum; Myndasýning      *Helgi Björnsson*

## AÐALFUNDUR

Aðalfundur félagsins verður þriðjudaginn 25. febrúar 1996. Samkvæmt lögum félagsins verður dagskrá aðalfundar sem hér segir:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara.
2. Kjör heiðursfélaga, ef tillögur liggja fyrir.
3. Flutt skýrsla stjórnar um starfsemi félagsins.
4. Lagðir fram endurskoðaðir reikningar félagsins til samþykktar.
5. Lagabreytingar, ef einhverjar eru.
6. Kosning stjórnar samkvæmt 4. grein laga.
7. Kjör valnefndar.
8. Kosning endurskoðenda.
9. Önnur mál.

Eftir kaffihlé kemur Helgi Björnsson með nýjar myndir m.a. af framhlaupum og jökulhlaupum og spjallar um þær.

## SPORÐAMÆLINGAR HAUSTIÐ 1996

Jöklamælingamenn hafa skilað umsögnum um jökulsporða á 43 stöðum. Af þeim hopuðu 22, 14 ganga fram en 6 standa í stað. Við Virkisjökul verður ekki ráðið hvort honum munar fram eða aftur því hann er hulinn aur og grjóti í sporðinn. Það er athyglisvert að allir jöklar út frá Öraefajökli ganga fram en flestir aðrir hopa.

Drangajökull dró þó ekki af sér í Leirufirði og ruddist fram 737 m frá því í fyrra haust. Ekki er víst enn þá að hann sé lagstur fyrir en í stríðsbyrjun var gangur í honum 4 ár samfleytt og nam framrásin einum km. Er hann nú kominn aftur þangað sem hann lá er Sléttuhreppur fór í eyði fyrir tæpum 40 árum. Í Kaldalóni gekk ekki eins mikil að þótt stórfenglegt væri að sjá jökulinn fossa fram af Úfnum sem nú er gersamlega horfinn í jökulinn. Í bland við jakastykkin sem hrundi ofan í gilið lágu stórgrytsbjörg svo skipti þúsundum tonna. Hafði jökulinn hrifit þau með sér úr bjargbrún Úfsins. Við merkin gekk hann þó ekki fram nema um 38 m. Reykjarfjardarjökull er ekki enn kominn af stað.

Þeir stallbraður Hyrningsjökull í Snaefellsjökli og Sólheimajökull, sem oftast fylgjast að, hopa nú báðir, sá síðar nefndi hikandi að vísu (-3 m) en hinn alveg ákveðinn (-19 m). Þótt þetta boði ekki endilega betri tilf ó má merkja af þessu að tilðarfari undanfarið hefur ekki verið svo slæmt.

Oddur Sigurðsson

## STÓRH LAUP Á SKEIÐARÁRSANDI

Eins og sagt var frá í síðasta fréttabréfi vofði stórhlaup yfir Skeiðarársandi þar sem rúmir 3 km<sup>3</sup> af vatni höfðu safnast fyrir í Grímsvötnum. Um kvöld þess 4. nóvember var sem steininn tæki úr við Grímsfjall og hefur rennsli í hlaupi úr Grímsvötnum ekki orðið jafnmikið og jafn snöggt á þessari öld þótt heidarrúmmál hlaupvatns kunni að hafa orðið meira. Þetta hlaup átti þó langt í land að ná Kötluhlaupinu 1918.

Undir kvöld umrædds dags fékk Bryndís Brandsdóttir það á tilfinninguna að eitthvað óvenjulegt væri að gerast við skjálftamælinn á Grímsfjalli og ákvað að standa vakt um kvöldið. Upp úr kl. 21:30 fer að örla á útslagi á mælinum sem er orðið mjög greinilegt um 10 mínútum seinna. Jókst það samfellt til morguns.

Um kl. 22 er hringd út viðvörun m.a. til vatnamælingamanna í Freysnesi. Efnasýni var tekið úr Skeiðará kl. 3 aðfaranótt 5. nóv. undir Skaftafellsbrekkum. Sýndi það mun meiri leiðni en verið hafði undanfarnar vikur.

Kl. 8:00 skall flóðaldan á Skaftafellsbrekkum. Hafði það gosið upp úr jöklínnum um 3 km ofan við jaðarinn góðum háltíma ádur og sprengt með sér óhræsis ísbjörg í leiðinni sem runnu langar leiðir eftir yfirborði jöklulsins. Rétt fyrir kl. 9 ruddist flóðaldan undir Skeiðarárbrú og rúmlega háltíma seinna hafði hlaupið rofð varnargarða og veginn beggja vegna brúar. Hlaupaldan virðist ganga með um 10 km hraða á klst. niður sandinn og hefðu fáir það af að forða sér undan því á hlaupum.

Um 2 tímum eftir að hlaupið hófst í Skeiðará braust það fram í Sæluhússkvísl og í austustu upptök Gígjukvíslar. Þannig færðist hlaupið vestur eftir jaðri jöklulsins og kom síðast fram í Súlu kl. 15:40.

Hámarki náði hlaupið um miðnætti sama dag og það hófst og var að mestu fjarað út tveimur sólarhringum síðar. Þar með var þetta langsneggsta Skeiðaráhlaup á öldinni og má segja að Snorri Zóphónfasson vatnamælingamaður hafi verið sannspár í viðvörunum sínum í síðasta fréttabréfi. Mesta rennsli undan jökuljaðrinum hefur verið um 55.000 m<sup>3</sup>/sek. samkvæmt rennslislíkani vatnamælingamanna sem miðast við að um 3½ km<sup>3</sup> af vatni hafi komið frá jöklínnum samkvæmt mælingum frá Raunvísindastofnun. Af einstökum ám varð rennslið mest í Gígjukvísl rúmlega 30.000 m<sup>3</sup>/sek. Braut hún sér kví inn í jökulinn sem svipar til Ásbyrgis bæði að útliti og myndunarsögu. Ekki er sérstök ástæða til að gefa byrginu nafn þar sem það hverfur algerlega á 4-5 árum.

Pegar svo mikil hlass af vatni færir sig um set undir jöklí fer ekki hjá því að þess sjái staði. Auðvitað seig íshellan á Grímsvötnum um hátt á annað hundrað metra sem engan undraði. En út úr Vötnunum lá nýr dalur um 6 km langur og hálfur til heill km á breidd og 100-200 m djúpur. Niður úr botni dalsins ganga hringlaga holur sem eru ekki stórar til að sjá en vel mætti koma Laugardalsleikvanginum ofan í þær sumar. Sást þar niður í beljandi flauminn á jökulbotninum.

Er magnað að sjá hús Jöklarannsóknafélagsins kúrandi sem örsmáað örður uppi á Grímsfjalli við hliðina á þessari heljargjá. Að flatarmáli er dalurinn slískur að þar kæmust fyrir Selfoss og Sauðárkrókur samtímis.

Oddur Sigurðsson

### FÉLAGIÐ KAUPIR SÉR JÖKLAJEPPA

Jöklarannsóknafélagið hefur keypt sér bíl af Dodge Ram gerð árgerð 1990 og er bílanefndin nú önnum kafin að gera hann jökulkláran. Þeir hann fyrst fremst hugsaður til að flytja fólk í jöklaverðum þótt hann eigi einnig að geta dregið kerru með dálitlu hlassi. Þetta lítum við á sem merki um að fylgst er með nútímanum.

Bílanefnd

### FRÁ SKÁLANEFND

Ákveðið var á síðasta stjórnarfundi að gistiþjald verði óbreytt frá í fyrra. Í Jöklulheimum kostar gistingin 750 kr. fyrir manninn hverja nótt. Á Grímsfjalli kostar gistiþóttin 900 kr. Í öðrum skálum félagsins verður krafist 550 kr. fyrir gistinguna.

Lyklavarsla er hjá neðangreindum mönnum:

Ástvaldi Guðmundssyni (s. 568 6312/557 7616) Rakarastofunni Dalbraut 1 í Reykjavík,

Alexander Ingimarssyni (s. 587 5600/554 4403)

4X4 klúbbnum á Akureyri (s. 462 7233/462 7053)

Flugbjörgunarsveitinni Hellu (s. 487 5940/487 6511) og

Völundi Jóhannessyni á Egilsstöðum (s. 471 1200/471 1315).

Skálanefnd